

Nd.

537. Breytingartillögur

[172. mál]

við frv. til laga um aðstoð við vangefið fólk.

Frá Birni Ólafssyni.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „næstu 5 ár“ komi: eitt ár — og í stað „10 aurar“ komi: 5 aurar.
2. Á eftir 4. gr. komi ný grein, er verði 5. gr., svo hljóðandi:

Af hverri flösku áfengis, sem seld er af Áfengisverzlun ríkisins, skal greiða gjald, er nemi 3 krónum, sem renna skal í framkvæmdarsjóð félagsins „Bláa Bandið“ til rekstrar hælís fyrir drykkjusjúklinga. Verð áfengis er heimilt að hækka sem gjaldinu nemur.

Af þeim tegundum vindlinga, sem seldir eru af Tóbakseinkasölu ríkisins og ekki eru háðir sérstöku gjaldi skv. 22. gr. fjárlaga 1958, XXI. lið, skal greiða 20 auru af hverjum vindlingapakka til barnaspítalasjóðs Hringsins til byggingar barnasjúkrahúss.

Verð vindlinganna má hækka sem gjaldinu nemur.
3. Fyrirsögn frumvarpsins verði:

Frumvarp til laga um aðstoð við vangefið og sjúkt fólk.